

Ed.

62. Frumvarp til laga

[56. mál]

um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1973 um Hæstarétt Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hæstarétt skipa sjö dómara. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

Dómarar Hæstaréttar kjósa sér forseta til tveggja ára og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta, þegar hann er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti, þegar forseti situr eigi dóm. Ef hvorki forseti né varaforseti sitja dóm, skal sá hæstaréttardómari, sem lengst hefir átt sæti í dóminum, skipa forsæti, en hafi tveir hæstaréttardómarar setið jafn lengi í dóminum, skal sá þeirra skipa forsæti, sem lengri hefur embættisaldur í heild.

2. gr.

2. gr. a laganna orðist svo:

Fimm dómáram skipa dóm, nema annan veg sé fyrir mælt. Í sérlega mikilvægum málum getur dómurinn ákveðið, að sjö dómáram sitji í dómi.

Í kærumálum sitja þrjú dómáram, nema alveg sérstaklega standi á. Þrjú dómáram geta enn fremur skipað dóm í einkamáli, ef úrslit máls varða eigi mikilvæga hagsmuni aðila að mati dómsins. Þrjú dómáram geta skipað dóm í opinberu máli, ef refsing, sem við broti getur legið, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum.

Dómurinn ákveður jafnan, hve margir dómáram skipi dóm og þá hverjir.

Ef mál er umfangsmikið, er dómnum heimilt að ákveða að hæstaréttardómari, sem eigi dæmir í því máli, hlýði á málflutning og taki sæti í dómnum, ef dómari forfallast.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í stað orðanna „kr. 25 000.00“ í 13. gr. 2. mgr. laganna komi orðin „200 þúsund krónur“.

4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1979.

Ákvæði 3. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands er lagt fram af dómsmálaráðherra, að höfðu samráði við dómendur Hæstaréttar.

Hæstiréttur mun vera sú stofnun í ríkiskerfinu þar sem einna minnst starfsmannafjöldun hefur orðið síðustu áratugi. Þar hefir aðeins fjölgað um einn dómara síðan 1945.

Hin síðustu ár hefir fjöldi þeirra mála sem til Hæstaréttar er skotið farið vaxandi. Árið 1974 voru málin 223, árið 1975 185, árið 1976 244 og 1977 240. Einkamálin svonefndu eru í miklum meirihluta, en fjöldi opinberra mála er nokkuð breytilegur frá ári til árs. Kærumálum sem leysa ber úr með mjög skjótum hætti hefir fjölgað til muna síðustu árin. Auk málafjöldans sem vaxið hefir er þess og að geta að mörg umfangsmikil mál bíða nú úrlausnar eða eru væntanleg til dómsins á næstunni.

Á síðustu árum hefir Hæstiréttur kveðið um efnisdóma í u. þ. b. 120—125 málum ár hvert, um 80 einkamálum, 15 opinberum málum og 25—30 kærumálum. en þessar tölur eru þó nokkuð breytilegar frá ári til árs. Þegar þessar tölur eru bornar saman við fjölda mála sem skotið hefir verið til Hæstaréttar að undanförmu er ekki að undra þótt all nokkur töf verði á að mál sem tilbúin eru til málflutnings verði tekin til meðferðar. Fjölda mála sem skotið er til dómsins verður þó raunar að taka með nokkurri varfærni þar sem t. d. gagnsakir eru sameinaðar aðalsökum og nokkur mál falla niður vegna útivistar eða hafningar. Má ætla að töfin á að einkamál verði tekin til meðferðar verði meira en eitt ár frá því að máli er frestað til málflutnings ef ekki er að gert. Skjótar úrlausnir af hendi dómstóla eru hið mesta keppikefli í hverju réttarríki, enda sé réttaröryggis í hvívetna gætt við úrlausnir mála. Ber mikla nauðsyn til að búa Hæstarétti starfsaðstöðu til þess að leysa með skjótni og öruggunni hætti úr þeim mikla fjölda mála sem þangað er skotið.

Ýmsar leiðir til úrbóta á störfum Hæstaréttar hafa verið ræddar. Í þessu frv. er lagt til að sú leið verði farin að bæta við einum dómara og fjölga þannig dómurum úr sex í sjö. Jafnframt er gert ráð fyrir því að þrjú dómáram skipi dóm í kærumálum nema þau séu sérstaklega vandasöm úrlausnar. Ætti með þessu móti að skapast möguleiki á því að dómurinn fjalli um kærumál, svo og minni háttar

einkamál og opinber mál, í tveimur þriggja dómara deildum. Yrði það til að hraða meðferð slíkra mála fyrir dómstólnum.

Þá er lagt til að áfrýjunarfjárhæð sé hækkuð úr 25 000 kr. í 200 000 kr. Það er mun meiri hækkun en nemur breytingum á kaupgjaldi og verðlagi frá árinu 1973 þegar áfrýjunarfjárhæð var síðast breytt.

Verður nú vikið stuttlega að hverri einstakri grein.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um fjölgun dómara. Visast um það til athugasemda hér að framan.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein geta ýmist 3, 5 eða 7 dómarar skipað dóm. Gert er ráð fyrir að dómurinn sé skipaður sjö dómurum ef um sérstaklega mikilvæg mál er að ræða.

Meginreglan verður sú skv. 2. mgr. að dómur verði skipaður fimm dómurum.

Í kærumálum svonefndum er á því byggt í 3. mgr., að þau séu dæmd af þriggja manna dómi, nema alveg sérstaklega standi á. Heimild til að dæma mál í þriggja manna dómi verði annars svo til óbreytt frá því sem er í núgildandi lögum. Að því er einkamál varðar miðast hún við hagsmuni aðila, en takmörkin varðandi opinber mál eru þau að eigi liggi þyngri refsing við broti en 2 ára fangelsi. Tekið skal fram að ekki skiptir það máli í þessu sambandi þótt önnur refsikennd viðurlög, svo sem réttindasvipting, eignarupptaka o. fl., liggi við broti.

Um 3. gr.

Áfrýjunarupphæð hefir sem fyrr segir verið 25 000 krónur síðan 1973. Er lagt til, að hún verði hækkuð í 200 000 krónur, að nokkru leyti til samræmis við breytt kaupgjald, verðlag o. fl.

Um 4. gr.

Hér er gildistökuákvæði og ákvæði um framkvæmd máls ef frv. verður lögfest.